



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

FJÁRMÁL

Vefrit Fjármálaeftirlitsins

Efni:

Til hvers horfir Fjármálaeftirlitið
við ákvarðanir?

Afkoma váttryggingafélaga á árinu 2011

Aðskilnaður viðskiptabanka frá
annarri fjármálastarfsemi

Eftirlitsferli Fjármálaeftirlitsins í tengslum
við mat á eiginfjárkröfu fjármálafyrirtækja –
Stoð 2 í Basel reglum



Unnur Gunnarsdóttir,
settur forstjóri Fjármálaeftirlitsins

TIL HVERS HORFIR FJÁRMÁLAFTIRLITIÐ VIÐ ÁKVARÐANIR?

Mig langar til að byrja á því að þakka þau góðu viðbrögð sem við fengum við fyrsta eintaki *Fjármála* sem kom út í mars síðastliðnum. Í þessu tölublaði er að finna þrjár greinar eftir sérfræðinga okkar. Þar er fjallað um afkomu váttryggingafélaga á árinu 2011, mögulega kosti við aðskilnað viðskiptabanka frá annarri fjármálastarfsemi og stoð 2 í Basel-reglunum svonefndu. Við vonum að þær þyki áhugaverðar.

Meginhlutverk Fjármálaeftirlitsins er að standa vörð um traust og heilbrigði fjármálamarkaðarins, fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemi gilda og að heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir séu í heiðri hafðir. Til að fylgja þessu eftir hafa stofnuninni verið veittar heimildir til að hafa ýmis takmarkandi áhrif á athafnir þeirra sem eftirlitinu sæta. Ljóst er að tilgangurinn með þessu er vernd almannahagsmuna.

Fjármálaeftirlitið stendur frammi fyrir því á degi hverjum að taka stjórnvaldsákvörðanir á grundvelli þeirra heimilda sem stofnuninni er falið samkvæmt lögum. Segja má að allar stjórnvaldsákvörðanir sem Fjármálaeftirlitið tekur í krafti lögbundinna heimilda sinna séu að meira eða minna leyti matskenndar. Með því er meðal annars átt við það þegar lög eða stjórnvaldsfyrirmæli fela stjórnvöldum að einhverju leyti mat á því hvert efni ákvörðunar skuli vera. Eftir að hin sérstaka kærunefnd var lögð af árið 2006 sæta stjórnvaldsákvörðanir Fjármálaeftirlitsins einungis endurskoðun dómstóla.

Fyrst nú, rúmum fimm árum eftir að kærunefndin lauk störfum, eru að falla dómar þar sem krafist er ógildingar á stjórnvaldsákvörðunum stofnunarinnar. Má þar nefna tvo dóma Héraðsdóms Reykjavíkur sem fallið hafa á þessu ári. Fyrri málið laut að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að stjórn lífeyrissjóðs yrði gert að vikja framkvæmdastjóra sjóðsins úr starfi en síðara málið varðaði ákvörðun stofnunarinnar um afturköllun starfsleyfis lánafyrirtækis. Enn fremur má nefna dóm Hæstaréttar Íslands frá 16. maí síðastliðnum þar sem felld var úr gildi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssekt sem lögð hafði verið á viðskiptabanka vegna brots bankans gegn ákvæðum laga um takmarkanir á stórum áhættum. Til viðbótar við þá nýlegu dóma sem nefndir eru hér að framan eru ákvörðanir Fjármálaeftirlitsins iðulega til umfjöllunar fyrir dómstólum þar sem einkaréttarlegur ágreiningur er milli aðila. Má sem dæmi nefna dóma þar sem reynt hefur á gildi ráðstafana Fjármálaeftirlitsins á grundvelli neyðarlaganna frá 2008 og nýlegan héraðsdóm í máli sem tengist kröfu stofnunarinnar um að loka skyldi tilteknum einkalífeyrissparnaði hjá einum viðskiptabankanna.

Einkum er það fyrrnefndur dómur Hæstaréttar sem hefur vakið okkur hjá Fjármálaeftirlitinu til umhugsunar um þá þætti matskenndra stjórnvaldsákvörðana sem sæta endurskoðun dómstóla. Ljóst er að löggjafinn hefur falið Fjármálaeftirlitinu það hlutverk að taka ákvörðanir á grundvelli matskenndra lagaákvæða. Þegar stofnunin tekur

stjórnvaldsákvörðun á grundvelli slíkra ákvæða verður hún að líta til markmiðs og tilgangs hlutaðeigandi ákvæðis og hvaða hagsmuni því er ætlað að vernda. Með öðrum orðum má segja að vegna hlutverks Fjármálaeftirlitsins séu almannahagsmunir og trygging fjármálastöðugleika í vissum tilvikum í húfi þegar slík ákvæði eru túlkuð.

Almennt endurskoða dómstólar hvort matskenndar ákvörðanir stjórnvalda hafi verið reistar á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum. Í ákveðnum tilvikum endurskoða dómstólar einnig þær forsendur sem liggja til grundvallar niðurstöðum slíkra ákvörðana og jafnvel má finna dæmi þess í dómaframkvæmd að allir þættir ákvörðunar hafi sætt endurskoðun. Hér verður ekki farið út í það að greina hversu langt Hæstiréttur gekk að þessu leyti við endurskoðun stjórnvaldssektarákvörðunar Fjármálaeftirlitsins í fyrrnefndum dómi. Í því sambandi er þó rétt að geta þess að í nágrannalöndunum hefur verið tilhneiging hjá dómstólum að veita eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði nokkurt svigrúm við töku stjórnvaldsákvörðana á grundvelli matskenndra lagaákvæða þegar matið byggist að verulegu leyti á viðtækri reynslu og sérfræðilegri þekkingu á viðfangsefninu.



AFKOMA VÁTRYGGINGAFÉLAGA Á ÁRINU 2011



Sigurður Freyr Jónatansson,
tryggingastærðfræðingur

Fjármálaeftirlitið dregur árlega saman upplýsingar úr ársreikningum vátryggingafélaga og skýrslum þeirra um sundurliðun starfseminnar eftir vátryggingagreinum. Hér verður fjallað um niðurstöður ársins 2011 og þróunina á markaðnum síðastliðin 5 ár.


Rekstur skaðatryggingafélaga

Samanlagður hagnaður skaðatryggingafélaga á árinu 2011 var um 6,8 milljarðar króna samanborið við 4,1 milljarð króna árið áður. Þar af hagnaðist Viðlagatrygging, sem er ríkisstofnun sem starfar samkvæmt sérlögum og býr við sveiflukennda starfsemi, um tæpa 2 milljarða króna. Sé horft framhjá Viðlagatryggingu er hagnaður skaðatryggingafélaga 4,9 milljarðar króna, samanborið við 2 milljarða króna á síðasta ári. Hagnaður af vátryggingastarfsemi var 3,5 milljarðar króna (2,6 milljarðar króna árið 2010) og hagnaður af fjármálastarfsemi rétt rúmlega 4 milljarðar króna, sem er viðsnúningur frá síðasta ári þegar 600 milljóna króna tap var af fjármálastarfseminni. Á móti kemur að liðurinn „Önnur gjöld“ var neikvæður um 1,7 milljarð króna, sem er óvenjulegt. Ástæða þessa er gjaldfærsla viðskiptavildar hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf.


Eignir skaðatryggingafélaganna námu rúmlega 131 milljarði króna í árslok 2010, samanborið við 124 milljarða króna árið áður og hækkuðu um 5,8%.

Eigið fé skaðatryggingafélaganna hækkaði einnig, eða um 13,2%, og er nú samanlagt rúmlega 59 milljarðar króna, eða 40 milljarðar króna án Viðlagatryggingar. Öll skaðatryggingafélög uppfylla kröfur laga nr. 56/2010 um lágmarksgjaldpól. Þar sem Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf. hafa hætt gerð nýrra vátryggingasamninga eru þau undanþegin kröfum 34. gr. laganna um lágmarksfjárhæð-lágmarksgjaldpóls samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögnum.

Mynd 1 Samsett hlutföll skaðatryggingafélaga 2007-2011



Mynd 2 Markaðshlutdeild skaðatryggingafélaga miðað við iðgjöld 2007-2011



Líkt og árið 2010 greiddi ekkert skaðatryggingafélag arð á síðasta ári.

Á mynd 1 hér að ofan sést þróun samsetts hlutfalls hjá stærstu skaðatryggingafélögnum á árunum 2007-2011. Samsetta hlutfallið er hlutfallið á milli samanlagðra eigna tjóna (þ.e. tjóna sem félagið hefur greitt á árinu að frádregnum hlut endurtryggjenda) og hreins rekstrarkostnaðar annars vegar og eigna iðgjalda (þ.e. iðgjöld greidd til félagsins á árinu að frádregnum iðgjöldum greiddum til endurtryggjenda félagsins) hins vegar. Sé samsetta hlutfallið undir 100% gefur það visbendingu um að vátryggingareksturinn standi

undir sér, en ef hlutfallið er yfir 100% þurfa vátryggingafélög að reida sig á fjárfestingartekjur til að skila hagnaði. Sjá má að samsetta hlutfallið hefur farið lækkandi á undanförunum árum.

Mynd 2 sýnir þróun í markaðshlutdeild miðað við iðgjöld hjá skaðatryggingafélögum sem starfa á innlendum vátryggingamarkaði frá 2007. Á árinu 2007 var markaðshlutdeild 3 stærstu félaganna 93,5% en árið 2011 hafði hún lækkað niður í 89,8%

Rekstur líftryggingafélaga

Eins og tvö undanfarin ár voru öll líftryggingafélögin rekin með hagnaði

á árinu 2011. Samanlagður hagnaður þeirra dróst þó saman um 8,2% og var 1,3 milljarðar króna samanborið við tæplega 1,4 milljarða króna hagnað árið áður.

Heildareignir líftryggingafélaganna breyttust lítið á milli ára. Heildareignir líftryggingafélaganna voru 14,4 milljarðar króna í árslok 2011 samanborið við 14,3 milljarða króna árið áður. Eiginfjárstaða líftryggingafélaganna styrktist hins vegar um 5,2% þar sem eigið fé hækkaði á milli ára úr 6,0 milljörðum króna í 6,3 milljarða króna.


Samkvæmt 34. gr. laga nr. 56/2010 má lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga aldrei vera lægra en 511 milljónir króna. Eigið fé Varðar líftrygginga hf. nam í árslok 2011 248 milljónum króna en eftir nýlega hlutafjárukningu í félaginu eru kröfur um lágmarksgjaldþol uppfylltar. Þrjú stærstu líftryggingafélögin greiddu arð á árinu 2011, samanlagt 1,0 milljarð króna. Á árinu áður námu arðgreiðslur sömu félaga samtals 1,2 milljörðum króna.

Mynd 3 sýnir þróun í markaðshlutdeild miðað við iðgjöld hjá líftryggingafélögum frá árinu 2007. Eins og á skaðatryggingamarkaði eru 3 líftryggingafélög afgerandi stærri en önnur. Samanlögð markaðshlutdeild þessara þriggja félaga var 90,7% árið 2007 en 86,3% á síðasta ári.


Fjárfestingar váttryggingafélaga

Váttryggingafélag skal á hverjum tíma sjá til þess að fyrir hendi séu eignir sérstaklega tilgreindar til jöfnunar váttryggingaskuldar (í eldri lögum kallað bótasjóður). Eignirnar skulu valdar með tilliti til öryggis, ávöxtunar og markaðsaðstæðna og skal félagið tryggja fjölbreytni og dreifingu eignanna. Nánar er kveðið á um heimildir váttryggingafélaga til fjárfestinga í eignum sem mæta


Mynd 3 Markaðshlutdeild líftryggingafélaga miðað við iðgjöld 2007-2011



Mynd 4 Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar 2009-2012



Mynd 5 Afkoma í lögboðnum ökutækjatrýggingum 2007-2011



eiga váttryggingaskuld í reglugerð. Mynd 4 sýnir þróun í skiptingu þessara eigna hjá váttryggingafélögum frá 1. ársfjórðungi 2009 til og með 1. ársfjórðungi 2012. Undanfarið hefur stærstum hluta váttrygginga-

skuldar verið mætt með ríkisskuldabréfum og innstæðum en hafa ber í huga að aðrir flokkar fjárfestinga finnast meðal þeirra eigna sem ekki eiga að mæta váttryggingaskuld. Sé til dæmis horft á heildareignir nema óskráð

hlutabréf 13,6% af heildareignum skaðatryggingafélaga á meðan líftryggingafélög eiga engin verðbréf önnur en ríkisskuldabréf í eignasafni sínu.


Rekstur einstakra váttryggingagreina

Bókfærð iðgjöld í skaðatryggingastarfsemi námu 44,7 milljörðum króna sem er 3,4% hækkun frá árinu áður. Tjónakostnaður breyttist lítið milli ára, bókfærð tjón lækkuðu að vísu um 3,3% sem jafngildir um 1 milljarði króna en álika mikil hækkun varð á þeirri fjárhæð sem lögð var til hliðar í tjónaskuld. Samtals námu tjón ársins, þ.e. bókfærð tjón að viðbættri hækkun tjónaskuldar, 32,6 milljörðum króna á árinu 2011, samanborið við 32,5 milljarða króna árið áður. Rekstrarkostnaður í skaðatryggingastarfsemi hækkaði um 9,4% og var 9,3 milljarðar króna á síðasta ári. Töluverð hækkun var á fjárfestingartekjum af skaðatryggingarekstri sem námu 4,0 milljörðum króna á síðasta ári, samanborið við 3,2 milljarða króna á árinu 2010.


Hagnaður af rekstri ökutækjatrýgginga var 1,3 milljarðar króna, sem er 9,1% hækkun á milli ára. Eins og árið áður stafar sveiflan í greininni einkum af breytingum í fjárfestingartekjum af skaðatryggingarekstri sem hækkuðu úr 1,7 milljörðum króna í 2,0 milljarða króna, eða um 18%. Hagnaður af ökutækjatrýggingum skiptist þannig að lögboðnar ökutækjatrýggingar skiluðu 372 milljón króna hagnaði (244 milljónir króna árið áður) en frjalsar ökutækjatrýggingar 885 milljónir króna hagnaði (909 milljónir króna árið áður).

Á undanförunum árum hefur rekstur váttryggingafélaga á ábyrgðatrýggingum og slysa- og sjúkratrýggingum verið erfiður en báðir þessir greinaflokkar skiluðu hagnaði á síðasta ári. Í ábyrgðatrýggingum var samanlagður hagnaður 296 milljónir króna, samanborið við 153 milljóna

Mynd 6 Afkoma í frjalsum ökutækjatrýggingum 2007-2011



Mynd 7 Afkoma í ábyrgðatrýggingum 2007-2011



króna tap árið áður. Í slysa- og sjúkratrýggingum var 280 milljóna króna hagnaður samanborið við 165 milljóna króna hagnað á árinu áður. Rekstur eignatrýgginga hefur skilað hagnaði á undanförunum árum og ef horft er framhjá Viðlagatrýggingu varð nokkur aukning á hagnaði á síðasta ári. Hagnaður nam 1,6 milljörðum króna samanborið við 1,0 milljarð króna árið áður. Nokkur lækkun hagnaðar varð í sjó- og farmtryggingum og tap var á flugtryggingum eftir hagnað árið áður. Greiðslu- og efndaváttryggingar skiluðu aftur á móti hagnaði á síðasta ári eftir tap árið áður og hagnað árið þar á undan.

Sú starfsemi sem fjallað er um hér að framan er í svokallaðri frumtryggingastarfsemi sem er sú starfsemi sem felst í því að tryggja

beint váttryggingaáhættu neytenda, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Íslensk váttryggingafélög eru að langmestu leyti í slíkri starfsemi en selja einnig í litlum mæli svokallaðar endurtryggingar sem felst í að tryggja áhættu annarra váttryggingafélaga. Kaup á endurtryggingum eru aftur á móti mikilvægur hluti áhættustýringar frumtryggingafélaga. Váttryggingafélag Íslands hf. var eina félagið sem tók að sér nýja áhættu vegna endurtrygginga á árinu 2010 en á síðasta ári hóf Tryggingamiðstöðin hf. starfsemi í endurtryggingum sjótrygginga og slysa- og sjúkratrýgginga. Nokkur önnur félög vinna að uppgjöri eldri samninga. Samanlagt tap af endurtryggingastarfsemi á síðasta ári var tæplega 5 milljónir króna sem er töluvert betri afkoma en árið áður þegar

tapið nam 104 milljónum króna.

Bókfærð iðgjöld í líftryggingum voru nánast þau sömu og árið áður eða 3,4 milljarðar króna. Líftryggingabætur ársins 2011 námu rúmlega 1,3 milljörðum króna og hækkuðu um 26% frá árinu áður. Skýrir það einkum minni hagnað líftryggingafélaga á síðasta ári en verið hefur undanfarin ár.


Horft til framtíðar

Vátryggingamarkaðurinn hér á landi stendur traustum fótum. Vátryggingastarfsemin sjálf er farin að skila meiri hagnaði en áður, þannig að félögin þurfa síður að reiða sig á góða afkomu af fjárfestingum. Flest þeirra uppfylla kröfur um lágmarksgjaldþol nokkuð örugglega.


Á næsta ári tekur gildi ný tilskipun ESB um vátryggingamarkaðinn, svokölluð Solvency II tilskipun. Munu vátryggingafélög þurfa að uppfylla kröfur hennar frá 1. jan. 2014. Búast má við að kröfur til gjaldþols (eiginfjárstöðu) vátryggingafélaga muni hækka, sér í lagi á skaðatryggingamarkaði. Ástæður þess að áhrif þessarar nýju tilskipunar verða meiri á skaðatryggingamarkaði hér á landi liggja fyrst og fremst í því að skaðatryggingafélög bera meiri vátryggingaáhættu, t.d. vegna stórtjóna eða hamfara. Líftryggingastarfsemi hér á landi er aftur á móti með einfaldari hætti en víða tíðkast í Evrópu.

Vátryggingafélögin vinna nú að því að koma til móts við kröfur Solvency II tilskipunarinnar hvað varðar fjárhagsstöðu, stjórnarhætti og upplýsingagjöf. Undirbúningur stendur einnig yfir hjá Fjármálaeftirlitinu en tilskipunin mun breyta áherslum í eftirliti með vátryggingafélögum. Meiri áhersla verður lögð á áhættumiðað eftirlit en í því felst að Fjármálaeftirlitið þarf að ganga úr skugga um að gjaldþolskröfur og áhættustýring séu í samræmi við áhættusnið hvers vátryggingafélags.


Mynd 8 Afkoma í slysa- og sjúkratryggingum 2007-2011



Mynd 9 Afkoma í eignatryggingum 2007-2011



Mynd 10 Afkoma í líf- og sjúkdómatryggingum 2007-2011



Nánari upplýsingar um ársreikninga vátryggingafélaga og sundurliðun vátryggingagreina má sjá á slóðinni: <http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplýsingar/> undir **Töflur úr ársreikningum á vátryggingamarkaði**.

AÐSKILNAÐUR VIÐSKIPTABANKA FRÁ ANNARRI FJÁRMÁLASTARFSEMI



Guðmundur Örn Jónsson,
sérfræðingur á sviði greininga

Í stað sjálfspurftarbúskapar byggja nútíma hagkerfi á sérhæfingu og viðskiptum. Þar sem greiðsla í þeim viðskiptum er ekki í formi vöruskipta heldur peninga, eru vissir hlutar fjármálakerfisins, viðskiptabankar, lífsnauðsynlegir fyrir nútíma hagkerfi. Af þeim sökum veita flestar þjóðir bönkum meiri stuðning heldur en fyrirtækjum almennt. Til dæmis fá eingöngu bankar lán hjá seðlabönkum. Enn fremur eru innstæður í bönkum oftast tryggðar að einhverju leyti.

Í fjármálaföllum seinustu missera hefur framangreindur stuðningur þjóða við banka sína orðið mörgum þeirra mjög kostnaðarsamur. Í kjölfarið hefur verið rætt um úrræði til að minnka líkur á slíkum áföllum og kostnað af þeim, sérstaklega fyrir ríkissjóði. Ein af þeim leiðum sem ræddar hafa verið er aðskilnaður viðskiptabanka frá annarri fjármálastarfsemi.

Ekki er fyrir séð að stuðningur hins opinbera við viðskiptabankastarfsemi breytist, en aftur á móti standa bankar oft í umfangsmeiri fjármálastarfsemi en rekstri viðskiptabanka sem ekki er talin eins mikilvæg fyrir þjóðarbúið. Sú starfsemi hefur oft í för með sér aukna áhættu fyrir bankana, og þar með aukna áhættu fyrir hið opinbera sem stendur á bak við þá. Þessi áhætta er meginröksemdin fyrir aðskilnaði viðskiptabanka frá annarri fjármálastarfsemi.

Bresk nefnd, sem nýlega var falið að veita yfirvöldum ráðleggingar varðandi framtíðarskipan fjármálakerfisins þar í landi, lagði t.d. til að starfsemi viðskiptabanka yrði aðskilin frá annarri starfsemi á þann hátt að hún

yrði eingöngu rekin af sérstökum lögaðila. Sá lögaðili mætti aftur á móti vera í eigu aðila sem stundaði aðra fjármálastarfsemi og væri rekinn undir sama vörumerki ásamt því að viðskiptabankinn mætti skiptast á viðskiptaupplýsingum við og samnýta sérþekkingu með móðurfélaginu. Lagt var til að aðeins viðskiptabönkum yrði heimilt að taka við innlánnum frá einstaklingum og smáum og meðalstórum fyrirtækjum en að þeim yrði jafnframt óheimilt að stunda starfsemi sem myndi auka áhættu þeirra af hinum alþjóðlega fjármálamarkaði. Yrði því viðskiptabönkum óheimilt að veita aðilum utan evrópska efnahagssvæðisins fjármálaþjónustu, reka eigin viðskipti, viðskipti með lán á eftirmarkaði og afleiðuviðskipti.

Sterkar röksemdir mæla með tillögum nefndarinnar:

- Beinn kostnaður af þroti banka myndi í auknum mæli flytjast frá skattgreiðendum til lánadrottna þeirra. Hvati lánadrottna til að meta áhættu banka myndi aukast og fjármagnskostnaður þeirra myndi í auknum mæli endurspeglja áhættu þeirra. Við þannig skipulag ætti fjármagn að leita í arðbærustu verkefni í auknum mæli.
- Aukið aðhald lánadrottna bankanna myndi minnka áhættusækni þeirra og minnka þar með líkur á fjármálaáföllum.
- Fjármagnskostnaður minni banka hefur verið hærri en þeirra stærri vegna væntinga markaðarins um að hinir síðarnefndum muni njóta ríkisaðstoðar ef með þarf. Tillögurnar myndu minnka þær væntingar og jafna samkeppnisstöðu minni banka sem ætti að leiða til virkari samkeppni á markaði.

- Væri farið að tillögnum yrði opinbert eftirlit auðveldara.
- Breytingar í þessa átt myndu að öllum líkindum bæta samkeppnishæfni Bretlands í fjármálastarfsemi.

Áætlað er að tillögurnar myndu hækka fjármagnskostnað viðskiptabankanna um minna en 0,1% og væri það að mestu leyti flutningur á kostnaði frá skattgreiðendum til bankanna. Af þeim sökum er ekki líklegt að bankarnir verði hlynntir tillögnum. Mjög erfitt er aftur á móti að meta ávinning tillagnanna, en þær þurfa þó eingöngu að minnka kostnað af fjármalakreppum um 2,5% til að standa undir sér. Líklega er þó ávinningurinn mun meiri.


Í Bandaríkjunum hafa þegar verið sett lög sem takmarka áhættu viðskiptabanka af fjármálamarkaði með takmörkunum á stöðutöku þeirra þar, og næsta haust mun nefnd Evrópusambandsins skila skýrslu um efnið sem í kjölfarið gæti leitt til breytinga á löggjöf Evrópusambandsins í sömu átt.

Af framansögðu er ljóst að ýmislegt mælir með aðskilnaði viðskiptabanka frá annarri fjármálaþjónustu og erfitt er að benda á haldbær rök gegn slíkum aðskilnaði. Hefur bönkum þannig reynst öruggt að færa rök fyrir yfirlýsingum sínum um að aðskilnaðurinn leiði til minni tekjumöguleika og minnkandi samkeppnishæfni. Íslenskir alþingismenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, hafa jafnframt lýst vilja sínum til að slíkur aðskilnaður verði þannig að nokkrar líkur verður að telja að til hans komi þótt útfærslan sé enn óljós.



EFTIRLITSFERLI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS Í TENGSLUM VIÐ MAT Á EIGINFJÁRKRFU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA – STÖÐ 2 Í BASEL REGLUM

EFTIRLITSFERLI



Mynd 1. Tvær hliðar eftirlitsferlisins.⁴

Árið 2006 gaf Basel nefndin um bankaeftirlit út uppfærða staðla (e. standards) um eigið fé fjármálfyrirtækja.¹ Þessir staðlar eru þekktir sem Basel II staðlar og eru í þremur hlutum, eða stöðum (e. Pillars).² Fyrsta stöðin (e. Pillar 1) kveður á um viðmiðunarreglur um mat á lágmarks eiginfjárkröfu vegna útlána-, markaðs- og rekstraráhættu. Önnur stöðin (e. Pillar 2) snýst um áhættumiðað mat fjármálfyrirtækja á eiginfjárþörf sinni á heildargrundvelli og um athugun fjármálaeftirlits á matsferli fjármálfyrirtækjanna. Sú þriðja (e. Pillar 3) kveður á um kröfur

um auknar upplýsingar um starfsemi fjármálfyrirtækja til að stuðla að aðhaldi frá markaðnum (e. market discipline). Staðlarnir voru innleiddir í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/48/EB og nr. 2006/49/EC og hér á landi með breytingum á 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki og reglum nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálfyrirtækja.

Ferlar undir annarri stöð Basel II staðlanna eiga að stuðla að sterkari tengslum á milli áhættustefnu fjármálfyrirtækis, áhættustýringar

innan þess, mildunaraðgerða (e. mitigation) og eigin fjár.³ Eftirlitsferli (e. Supervisory Review Process, SRP) er ferli undir annarri stöðinni en aðaltilgangur þess er að tryggja að nægilegt eigið fé sé til staðar hjá fjármálfyrirtækjum svo að þau geti mætt áhættum í starfsemi sinni.

Sjálf eftirlitsferlið er tvíþætt (sjá Mynd 1). Önnur hlið þess snýr að innra matsferli fjármálfyrirtækis (e. Internal Capital Adequacy Assessment Process, ICAAP) en samkvæmt annarri stöðinni á fjármálfyrirtæki að vera með ferli til að meta eiginfjárþörf í samræmi



Evgenía K. Mikaelisdóttir,
sérfræðingur á sviði greininga

við áhættustefnu sína og viðhafa tilgreindar aðgerðir til að viðhalda þeim markmiðum. Innra matsferlið er það ferli innan fjármálfyrirtækis sem á að tryggja að fjármálfyrirtækið skilgreini, meti, taki saman og fylgist með áhættum í starfsemi, sé með nægilegt eigið fé í samræmi við áhættustefnu fyrirtækisins, beiti traustri áhættustýringu og þrói hana frekar.⁵ Í lögum um fjármálfyrirtæki er kveðið á um að það sé á ábyrgð stjórnar fjármálfyrirtækis að fyrirtækið sé með fullnægjandi og skjalfesta innri ferla til að meta eiginfjárförf sem og með nægilegt eigið fé.⁶ Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálfyrirtækis skulu reglulega meta eiginfjárförf fyrirtækisins með tilliti til áhættu í starfsemi þess.⁷ Stjórnin setur m.a. viðskiptamarkmið og áhættuviðmið, auk þess ákveður hún innra skipulag og skipuleggur innra eftirlit. Fjármálfyrirtæki á að sýna fram á að eigið mat á eiginfjárförf sé ítarlegt og í samræmi við áhættustefnu þess. Lögð er sérstök áhersla á fjármagnsupbyggingu, innri stjórnarhætti, áhættumat og -stýringu svo eitthvað sé nefnt. Ferlið á að vera áhættumiðað og við mat á eiginfjárförf á að taka tillit til hagsveiflna og næmi fyrir ytri áhættuþáttum. Einnig er gert

råd fyrir að ferlið sé hluti af viðskipta- og stjórnunarferli fjármálfyrirtækisins en ekki aðskilið fyrirbæri. Það er á ábyrgð hvers fjármálfyrirtækis að skilgreina og þróa sitt eigið innra matsferli. Könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) er hin hliðin á eftirlitsferlinu undir annarri stoðinni (Mynd 1) en í þessu ferli leggur eftirlitið mat á innra matsferli fjármálfyrirtækis og kemst að niðurstöðu um hvort fyrirtækið standist kröfur um mat á eiginfjárförf. Önnur stoðin kveður einnig á um að eftirlitið geti gripið til aðgerða ef það metur innra matsferlið eða niðurstöðu þess ófullnægjandi. Það getur líka krafist þess að fjármálfyrirtæki sé með meira eigið fé en reglur um lágmark samkvæmt fyrstu stoð Basel II staðlanna kveða á um. Síðast en ekki síst skal eftirlitið grípa til aðgerða fari eigið fé fjármálfyrirtækis niður fyrir lágmarks eiginfjárkröfur. Könnunar- og matsferli eftirlitsins hefst með því að Fjármálaeftirlitið kallar eftir innramatsskýrslu tiltekens fjármálfyrirtækis. Í kjölfar móttöku skýrslunnar hefjast samræður við fyrirtækið og leggur Fjármálaeftirlitið mat á þætti svo sem viðskiptaáætlun og áhættusækni, ytri áhættuþætti, áhættur og mat á eiginfjárförf

undir fyrstu og annarri stoð Basel II staðlanna. Ennfremur metur eftirlitið innri stjórnarhætti og innra eftirlit sem og eftirfylgni og miðlun upplýsinga innan fjármálfyrirtækisins. Þess skal getið að í könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins er gætt svo kallaðrar hlutfallsreglu (e. principle of proportionality) sem felur í sér að stór og kerfislega mikilvæg fjármálfyrirtæki fá ítarlegri skoðun hjá Fjármálaeftirlitinu en þau minni.⁸

Að þessu ferli loknu kemst Fjármálaeftirlitið að niðurstöðu um það hversu vel þær ráðstafanir, sem fjármálfyrirtækið beitir til að stýra áhættu, nái tilgangi sínum; hvort stjórnun sé nægilega traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af áhættum í starfsemi fjármálfyrirtækisins.⁹ Sé niðurstaða Fjármálaeftirlitsins sú að viðkomandi fjármálfyrirtæki uppfylli ekki ákvæði laga¹⁰ og reglna, sem settar eru með stoð í þeim lögum, er því heimilt að krefjast úrbóta, til að mynda aukinnar eiginfjárbindingar umfram almenna lágmarkskröfu laga, auk endurbóta á innviðum, stjórnarháttum og rekstri. Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru kynntar fjármálfyrirtækinu með bréfi og í sumum tilfellum með kynningu fyrir stjórn þess.

1 Eftirfarandi liggur til grundvallar þessari útgáfu: Basel II ramminn frá 2004, ákvæði Basel I frá 1988 sem eru enn í gildi, viðbót um markaðsáhættu frá 1996 og uppfærslur frá 2005.

2 International Convergence of Capital Measurement and Capital Standards. Basel Committee on Banking Supervision. Júní 2006 (BCBS 128).

3 Guidelines on the Application of the Supervisory Review Process under Pillar 2. Committee of European Banking Supervisors. Janúar 2006 (GL 03). Bls. 3

4 Myndin var upphaflega birt í „Guidelines on the Application of the Supervisory Review Process under Pillar 2“ frá 2006 en birtist hér með smávægilegum breytingum.

5 Guidelines on the Application of the Supervisory Review Process under Pillar 2. Committee of European Banking Supervisors. Janúar 2006 (GL 03). Bls. 6

6 Sbr. 84. gr. laga nr. 161/2002 og 51. gr. reglna FME nr. 215/2007.

7 Sbr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.

8 Ibid., bls.2

9 Sbr. t.d. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki, reglur nr. 215/2007 um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálfyrirtækja, 124. gr. og viðauka XI tilskipunar 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

10 Sbr. t.d. 84. gr. laga nr. 161/2002, 45. gr. laga nr. 75/2010 og 136. gr. tilskipunar 2006/48/EB